




Tekjur af erlendum ferðamönnum mun meiri nú en fyrir faraldur

Neyslumynstur erlendra ferðamanna hefur breyst mikið frá því faraldurinn skall á. Þannig eyddi hver ferðamaður tvöfalt til þrefalt meira í sínum heimagjaldmiðli á fyrstu tveimur fjórðungum ársins í ár borið saman við sama tímabil árið 2019, þ.e. síðasta árið fyrir faraldur. Hvort þessi neyslubreyting verður að einhverju leyti varanleg verður tíminn að leiða í ljós en líklegt er að svipuð þróun haldist a.m.k. fram á næsta ár. Auknar meðaltekjur á hvern ferðamann hafa dregið umtalsvert úr neikvæðum áhrifum af fækkun ferðamanna vegna faraldursins og stutt við ferðaþjónustuna.

Gögn Hagstofunnar benda til þess að neysla erlendra ferðamanna hér á landi, mælt í þeirra eigin heimamýnt, hafi verið mun meiri á fyrri helmingi ársins en á sama tímabili áður en faraldurinn hófst, þ.e. á fyrri árshelmingi ársins 2019. Þannig mældust útgjöld erlendra ferðamanna vegna ferðalaga hingað til lands 490 þúsund á hvern ferðamann á fyrsta ársfjórðungi og 417 þúsund á öðrum ársfjórðungi. Til samanburðar mældist neyslan 156 þúsund á fyrsta fjórðungi 2019 og 197 þúsund krónur á öðrum fjórðungi sama árs. Á fyrsta fjórðungi þessa árs var neyslan því rúmlega þrefalt meiri en á sama fjórðungi 2019 og rúmlega tvöfalt meiri á öðrum ársfjórðungi. Á fyrri hluta ársins var meðalneyslan 140% meiri en árið 2019. Segja má að þessi þróun hafi hafist fljótlega eftir að faraldurinn hófst. Þannig var meðalneysla ferðamanna um 370 þúsund á fjórða fjórðungi á síðasta ári og jókst þá um 167% milli ára. Aukningin á þriðja fjórðungi síðasta árs var síðan 41%.


Aukin dvalarlengd skýrir að hluta til meiri neyslu
Þessi neysluaukning skýrist að hluta til af aukinni dvalarlengd. Aukin dvalarlengd skýrist síðan aftur að einhverju leyti af minni möguleikum fólks til að ferðast. Vegna ferðabanna, samgöngutakmarkana og ýmissa takmarkana á ferðalögum til margra landa má ætla að fólk hafi farið í færri ferðalög en í meðalári. Til þess að drýgja ferðalögin hafi því verið gíst lengur á hverjum stað. Ísland var lengi vel grænt land út frá sóttvarnarsjónarmiðum vegna fárra smita og má ætla að margir ferðamenn hafi því valið

Neysla á hvern erlendan ferðamann



Útgjöld ferðamanna sem koma hingað til lands. Undanskilur kaup þeirra á þjónustu innlendra flugfélaga
Heimild: Hagstofa Íslands

Gistinætur á hvern ferðamann



Gistinætur á öllum skráðum gístistöðum
Heimild: Hagstofa Íslands



landið umfram aðra valkosti. Síðan hefur eldgosið í Geldingadölum einnig verið aðdráttarafl. Sé litið til dvalarlengdar á skráðum gististöðum, sem eru í raun allir gististaðir án gistinga í Airbnb og bílaleigubílum (þ.e.a.s. húsbílum og svokölluðum camper-bílum), var hún 3,7 nætur að meðaltali á fyrsta fjórðungi borið saman við 2,9 nætur á sama fjórðungi 2019. Aukningin nemur 25%. Á öðrum fjórðungi var meðalfjöldi gistinóttu 5,8 nætur en fjöldinn var 3,8 nætur árið 2019 og fjölgunin því rúmlega 50%.


Neysla allra þjóðerna aukist mikið

Sé litið til útgjalda á hvern ferðamann eftir þjóðerni sést að þessi miklu neyslubreyting skýrist ekki með breyttu neyslumynstri einnar þjóðar eða fárra. Þannig jókst neysla allra þjóðerna verulega milli 2019 og 2021. Þó var aukningin mismikil. Langmest var neysluaukningin hjá Norðmönnum, um 735%, en þar á eftir komu Kanadabúar og Bretar með á bilinu 456-522%. Neysla Bandaríkjamanna jókst um 121% en þeir hafa verið með langmestu neysluútgjöldin hér á landi á síðustu árum.

Neysla í verslun fjórfaldaðist

Sé litið til greiðslukortaveltu ríma þær tölur ágætlega við útgjöld ferðamanna eins og Hagstofan mælir þau. Þannig varð 133% aukning í kortaveltu á ferðamann á föstu gengi á fyrri hluta ársins borið saman við sama tímabil 2019. Ýmsir kostnaðarliðir jukust umfram það. Verslun í heild jókst um tæp 300% á ferðamann. Dagvara jókst um 339% og fataverslun um 188%. Útgjöld til bílaleiga jukust um 193%. Úttektir í reiðufé jukust um 227%. Af þeim liðum þar sem aukningin var í minni kantinum má nefna veitingaþjónustu, þar sem aukningin var 91%. Útgjöld í gjafa- og minjagripaverslunum jukust einungis um 5,5% og tollfrjáls verslun dróst saman um 19%. Útgjöld vegna hóteltistinga jukust einungis um 32% en það kann að skýrast af því að herra hlutfall ferðamanna hafi verið búið að fyrirframgreiða gistingu sína á þessu ári en 2019. Engu að síður benda þessar tölur til þess að samsetning ferðamanna hafi breyst milli 2019 og 2021 og að eyðsluglaðari ferðamenn hafi komið eftir að faraldurinn gekk í garð. Annað sem kann einnig að skýra meiri neyslu á mann er að ferðamenn hafi frekar skilið börn sín eftir heima eftir faraldur en


Breyting á útgjöldum ferðamanna milli 2019 og 2021



Breyting á útgjöldum á ferðamann á föstu gengi. *Sýnir samtals fyrir þjóðirnar á myndinni

Heimild: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Breyting í neyslu á ferðamann milli 2019 og 2021



Mælt á föstu gengi á fyrri hluta hvors árs
Heimild: Hagstofa Íslands



fyrir hann. Gera má ráð fyrir að aukning útgjalda á ferðamann muni aukast áfram á næstu fjórðungum borið saman við sömu fjórðunga fyrir faraldur. Hvort þessi breyting er varanleg að hluta eða öllu leyti verður að koma í ljós. Eftir stendur að aukin neysla á ferðamann hefur stutt mjög mikið við ferðaþjónustuna og þjóðarbúið í faraldrinum og verið kærkomin búbót.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt



af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.